

Nð.

210. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefndin hefir rætt þetta mál við landssímastjóra og leggur til, að það verði samþykkt.

Nefndinni hafa borist tvö erindi um nýjar símalínur, annað frá Guðmundi Ólafssyni, þm. A.-Húnv., um símalínu frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal. Vegalengdin er um 19 km. og áætlaður kostnaður um 12000 kr. með núverandi verðlagi, auk flutnings á efninu, sem gert er ráð fyrir, að verði landssímanum að kostnaðarlausu.

Hitt erindið er frá Klemens Jónssyni, 2. þm. Rang., um nýja línu frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk. Vegalengdin er um 17 km. og kostnaður áætlaður um 12000 kr. með núverandi verðlagi, auk flutnings.

Landssímastjóri hefir ekkert við það að athuga, að þessar línur verði teknar inn í ritsímalögin nú þegar, og leggur því nefndin til, að báðar þessar línur verði samþykktar.

Flutningsmaður frv. hefir kallað frv. sitt breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, en til eru yngri lög um breyting á ritsímalögunum, sem sje lög nr. 26, 20. júní 1923. Þykir því eftir atvikum rjettast að afnema þessi lög og taka línur þær, er þar um getur, upp í þetta frv.

Samgöngumálanefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

VIÐAUKA- eða BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Aftan við frumvarpsgreininna, sem verði 1. gr., bætist:
Lína frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal.
Lína frá Etra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk.
Lína frá Þórshöfn til Skála, og enn fremur lína til Gunnólfsvíkur.
2. Þá komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Lög nr. 26, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv.
1919, eru úr lögum numin.

Alþingi, 24. mars 1926.

Jón A. Jónsson,
form.

Kl. Jónsson,
fundaskr., frsm.

Sveinn Ólafsson. Jón Kjartansson. Hákon J. Kristófersson.